



Borgarráð

Umsögn vegna tækifærisleyfis Nemendafélag Verzlunarskóla Íslands, Origo höllin, Hlíðarenda.

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23. janúar um tækifærisleyfi til lengri opnunartíma eða til kl. 02.00, aðfaranótt þriðjudagsins 8. febrúar nk. vegna árshátíðar Verzlunarskóla Íslands, í Origo höllinni Hlíðarenda.

Í 12. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sbr. ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er fjallað um skóladansleiki eða skemmtun fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára á veitingastað sem leyfi hefur til sölu áfengra veitinga. Þar kemur fram að slík skemmtun telst ávallt breyting á skilmálum rekstrarleyfis og fer um slíka umsókn sem um tækifærisleyfi væri að ræða og gilda um hana sömu skilyrði. Í ákvæðinu kemur jafnframt fram að skóladansleikir mega ekki standa lengur en til kl. 01.00 alla daga en borgarráð getur ákveðið að veita jákvæða umsögn um að einn skóladansleikur hvers framhaldsskóla á almanaksári fái að standa til kl. 02.00 ef veitingastaður er ekki umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð.

Hlíðarendi er skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 á skilgreindu íþróttasvæði: Á íþróttasvæðum má gera ráð fyrir öllum mannvirkjum sem tengjast starfsemi viðkomandi svæðis s.s. flóðlýsingu, gervigrasvöllum, stúkubyggingum og íþróttahöllum, sundlaugum, sundhöllum og líkamsræktarstöðvum, samkomusölum, félagsaðstöðu o.s.frv. Gera má ráð fyrir veitingaaðstöðu og íþróttavöruverslun á íþróttasvæðum. Ekki hafa verið gerðar neinar skipulagslegar athugasemdir við að veita leyfi í Origo höllinni þar sem að Hlíðarendi er í góðri fjarlægð frá íbúðabyggð.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að borgarráð veiti jákvæða umsögn um að árshátíðin megi standa til kl. 02.00, aðfaranótt þriðjudagsins 8. febrúar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar